

11
16. febr.

d. Lyftur.

Fyrir hverja fólkslyftu ber að greiða árlega kr. 25.00
— — vörulyftu — — — — — 20.00

e. Frystivélur.

Fyrir hverja frystivél sem notar allt að 4 hestöfl greiðist kr. 10.00
— — — — — frá 4 til 20 hö. — — 25.00
— — — — — meira en 20 hö. — — 40.00

f. Vinnustofur án véla.

Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem: saumastofur, þvottahús, blikksmiðjur, netjagerðarstofur, seglasaumastofur o. s. frv. greiðist 20 aurar fyrir hvern fermetra gólfflatar.

Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem: fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist árlega 7 aurar fyrir hvern fermetra gólfflatar.

Gjaldskrá þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atrvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

12
4. marz

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Neskaupstað.

1. gr.

Allt hundahald í Neskaupstað er bannað að öðru leyti en 2. gr. heimilar.

2. gr.

Stærstu fjáreigendur bæjarins geta fengið leyfi bæjarstjórnar til að hafa í sameiningu nauðsynlega smalahunda, þó svo, að aldrei verði fleiri en sex hundar alls í kaupstaðnum,

3. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum frá 5—500 krónum, er renna í bæjarsjóð. Skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál. 12
4. marz

Hver hundur, sem fyrirfinnst í bænum fram yfir heimild 2. gr., er réttdræpur, nema hann fylgi aðkomumanni.

4. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórnin í Neskaupstað hefir samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. mars 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGJÖRÐ

um

skylduvinnu fanga á vinnuhælinu á Litla-Hrauni.

13
4. marz

Samkvæmt heimild í lögum nr. 51 frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, er sett eftirfarandi bráðabirgðareglugjörð um skylduvinnu þeirra fanga, sem dæmdir hafa verið til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi.

1. gr.

Vinnuhæli fyrir fanga, sem dæmdir hafa verið til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi, er á Litla-Hrauni við Eyrarbakka.

2. gr.

Vinnuhælinu stýrir vinnuhælisstjóri undir umsjón þriggja manna stjórnarnefndar og yfirumsjón dómsmálaráðherra. Í nefndinni eru sýslumaðurinn í Árnassýslu, héraðslæknirinn í Eyrarbyggðum og þriðji maður, er dómsmálaráðherra tilnefndur. Sýslumaðurinn í Árnassýslu hefir umsjá með úttekning hegningar í vinnuhælinu.